Félag háskólakennara

Hafðu samband eða kíktu í kaffi

Sími: 525-4770, símsvari tekur á móti skilaboðum ef ekki fæst svar.
Heimasíða: www.fh.hi.is
Netfang: fh@hi.is,
Heimilisfang: Háskólabíó, opnunartími er á milli 9-16 alla virka daga.
Framkvæmdastjóri: Helga Birna Ingimundardóttir, helgabirna@hi.is,

Fréttabréf nr. 2 starfsárið 2013 – 2014

Kjaramál

Kjarasamningur félagsins rennur úr í janúar 2014 í stað mars 2014, vegna sérstaks samkomulags sem BHM gerði fyrir hönd aðildafélaga sinna þann 11. febrúar 2013. Eingreiðsla kr. 38.000 miðað við þá sem eru í fullu starfi nóvember 2013 verður því greidd í janúar 2014.

Gengið hefur verið frá viðræðuáætlun félagsins annars vegar og Samninganefndar ríkisins (SNR) hins vegar. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að viðræður hefjist nú í desembermánuði. Félag háskólakennara hefur óskað eftir fundi með SNR og vonir standa til að fyrsti fundur aðila verði haldinn fyrir næstu áramót. Þá hefur stjórn félagsins ákveðið að vinna saman með öðrum stéttarfélögum BHM í sameiginlegum málum, á sama tíma og samið verður um sérmál félagsins.

Mikill hugur er í stjórn félagsins um að komandi kjarasamningsviðræður verði árangursríkar fyrir alla félagsmenn. Rætt hefur verið um það í fullri alvöru að félagið fari í aðgerðir og noti verkfallsvopnið ef samningar stefna í þá átt að uppfylla ekki þær væntingar sem gera má til launahækkana fyrir félagsmenn.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2012 stóð verkfallssjóður félagsins í rúmum 91 milljónum kr. um síðustu áramót. Það er digur sjóður sem kominn er tími til að nýta miðað við tilgang sjóðins sem er skv. 2. gr. laga hans :"*Tilgangur sjóðsins er að annast vörslu hluta félagsgjalda félagsmanna FH sem endurgreiða má þegar þeir geta ekki stundað vinnu vegna kjaradeilna sem FH er aðili að sbr. 7. gr. laga FH*".

Trúnaðarmenn og stjórn félagsins héldu fund í nóvember sl. til að fara yfir stöðuna í kjaramálum og ræða helstu áherslumál félagsins. Menn voru sammála um að höfðuðáherslan verði að virkja samkomulag sem undirritað var 10. maí 2012 um áætlun um nýtt samræmt launakerfi háskólamenntaðs starfsfólks opinberu háskólanna, milli formanns félagsins og samninganefndar ríkisins. Markmið hennar er eftirfarandi:

1. *Að sami stigafjöldi samkvæmt matskerfi akademískra starfsmanna (háskólakennarar og sérfræðingar) gefi sömu laun, óháð starfsheiti, og að öllum akademískum starfsmönnum verði varpað í sömu launatöflu.*
2. *Laun starfsmanna stjórnsýslu skólans verði skoðuð og samhæfð launum akademískra starfsmanna eins og kostur er.*
3. *Skýra og skilgreina launaröðun og réttindastöðu framhaldsnema (styrkþega).*
4. *Nú launasetning verði innleidd í skrefum samkvæmt nánari samkomulagi.*
5. *Styða og styrkja stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um samstarf opinberra háskóla og samráð þeirra í milli til hagræðingar og aukinna gæða.*

Þá var rætt um ýmsa þætti er lúta að vinnutíma, starfsskyldum og vinnuálagi félagsmanna, sem nauðsynlegt er að ræddir verði í komandi kjarasamningum.

Stjórn Félags háskólakennara hvetur alla áhugasama félagsmenn að senda til félagsins (helgabirna@hi.is) hugmyndir og áhersluatriði, sem vert er að taka upp í komandi kjarasamningum.

Starfsskyldur lektora og dósenta

Eins og áður hefur komið fram munu starfsskyldur kennara í Félagi háskólakennara breytast eftirfarandi nú um áramótin:

Lektorar og dósentar í 50% aðalstarfi eða meira við HÍ			
Starfsskyldur	*2012*	*2013*	***2014***
Kennsla	52%	52%	**50%**
Rannsóknir	42%	42%	**50%**
Stjórnun	6%	6%	**0%**
Aðjúnktar í 50% aðalstarfi eða meira við HÍ			
Starfsskyldur	*2012*	*2013*	***2014***
Kennsla	65%	65%	**67%**
Rannsóknir	31%	31%	**33%**
Stjórnun	4%	4%	**0%**

Þessi breyting er í samræmi við tillögu samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál og Félagi háskólakennara frá því í vor.

Samhliða þessu er veittur afsláttur af kennsluskyldu þeirra kennara sem taka að sér störf sem teljast viðbót við eðlilegan hluta starfsins án þess að umfangið sé metið sérstaklega.

Fyrirkomulag kennsluafsláttar:

1. Deildarforseti/fræðasviðsforseti tilnefndir þá kennara sem sóst er eftir til sérstakra starfa fyrir deildina á tilteknu tímabili t.d. almanaksári að því gefnu að kennarinn gefi kost a sér. Fyrir liggur áætlun um hvers konar störf og umfang er að ræða á árinu, t.d. nefndarvinna, sérstök átaksverkefni o.fl.
2. Deildarforseti felur viðkomandi kennurum sérstök stjórnunarstörf eftir því sem við á.
3. Gert er samkomulag um umfang áætlaðarar stjórnunarstarfa viðkomandi kennara og þeim raðað þannig: Lágmarks lækkun á kennsluskyldu fyrir stjórnun verði 32 klst., heimilt er að úthluta aukinni lækkun í 16 klst. einingum eftir umfangi stjórnunarstarfa, þ.e. 32, 48, 64, 80....
4. Að tímabili loknu er metið hvernig tókst. Unnt er að semja um áframhald ef báðir aðilar kjósa svo. Kennari getur færst á milli flokka ef umfangið breytist.
   Sjá nánar hér: http://fh.hi.is/files/fyrirkomulagstjórnunarstarfa_2014.pdf

Meðfylgjandi eru dæmi og skýringar vegna þessara breytinga á starfsskyldum. Í dæmi A má sjá að nýtt fyrirkomulag lækkar kennsluskyldu um 32 stundir án nokkurar stjórnunarvinnu. Í dæmum B-C má sjá hvernig kennsluskyldutímum fækkar eftir því sem kennarar taka á sig stjórnunarstörf. Ekkert af þessum dæmum eru fastskipuð, heldur byggja á samkomulagi við deildarforseta. Afsláttur vegna nefndarstarfa getur aldrei orðið minni en 32 stundir og hækkar koll af kolli eftir nánari skilgreiningu sem fram kemur í samþykkt háskólaráðs frá því í vor og lesa má um hér: http://fh.hi.is/files/kennsluskylda_2014.pdf

Núverandi kerfi		**Nýtt kerfi**		
	A	**B**	**C**	**C**
52% kennsla	50% kennsla	48% kennsla	47% kennsla	41% kennsla
6% stjórnun	0% stjórnun	2% stjórnun	3% stjórnun	9% stjórnun
42% rannsóknir	50% rannsóknir	50% rannsóknir	50% rannsóknir	50% rannsóknir
	Engin stjórnunarstörf	A hluta nefndarstörf 32 stundir í kennsluafslátt	A hluta nefndarstörf 32 stundir í kennsluafslátt B hluta nefndarstörf 16 stundir í kennsluafslátt	Sérverkefni tímabundið 80 stundir í kennsluafslátt B hluta nefndarstörf 16 stundir í kennsluafslátt
		Möguleiki á aukinni yfirvinnu	Möguleiki á aukinni yfirvinnu	Möguleiki á aukinni yfirvinnu
Kennsla alls á ári 833 stundir	**Kennsla alls á ári 801 stund**	**Kennsla alls á ári 769 stundir**	**Kennsla alls á ári 753 stundir**	**Kennsla alls á ári 657 stundir**

Ítrekað er að sá kennsluafsláttur sem greiddur var áður vegna formennsku deildar og/eða stjórnunar námsbrautar heldur sér óbreyttur. Þá verður ennfremur greidd þóknun fyrir nefndarstörf utan sviða/deilda eins og verið hefur.

Félag háskólakennara áréttar að haft verði samband við félagið ef upp koma ágreiningsmál eða vafamál, vegna túlkunar á fyrirkomulaginu og/eða kennsluafslættinum. Félagið mun leitast við að finna lausn á þeim málum. Ef á reynir mun samráðsnefnd háskáráðs og Fh um kjaramál skera úr um vafaatriði.

Sjóðir BHM

Minnt er á þá sjóði félagsins sem eru í vörslu BHM og greiða niður ýmsa styrki. Þar ber fyrst að nefna Styrktarsjóð BHM sem greiðir m.a. niður ýmsan kostnað s.s. sjúkraþjálfun, gleraugnastyrk og líkamsrækt. Sjóðfélögum Orlofssjóðs BHM standa til boða fjöldi orlofshúsa og íbúða bæði innanlands og erlendis. Markmið Starfsmenntunarsjóðs BHM er að tryggja fjárhagslegan grundvöll símenntunar og endurhæfingarnáms félagsmanna. Upplýsingar um sjóðina og þá þjónustu sem BHM veitir má sjá á heimasíðu bandalagsins, www.bhm.is

Í nóvembermánuði sl. tók BHM upp svokallaðar „Mínar síður". Þær auðvelda félagsmönnum m.a. að:

- Sækja um styrki í Styrktarsjóð, Orlofssjóð, Starfsmenntunarsjóð.
- Fylgjast með ferli umsókna og fengið upplýsingar um notkun á sjóðum BHM, t.d. hvað búið er að nýta innan almanaksárs.
- Fylgjast með iðgjaldagreiðslum frá vinnuveitanda.
- Uppfæra persónuupplýsingar.
- Vera í rafrænum samskiptum við sjóðafulltúa BHM

Innskárning á mínar síður gerist annars vegar með „Íslykill frá island.is" eða hins vegar með „rafrænum skilríkjum" . Á heimasíðu bandalagsins (www.bhm.is) eru góðar og auðveldar leiðbeiningar til að nota „mínar síður".

Jólakveðjur

Stjórn Félags háskólakennara óskar öllum félagsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.